

# HIÐ ENDURLÍKAMAÐA LÍF

(Vita regenerata)

## I

Hjá öllum lifandi verum, dýrum og jurtum, er til hæfileiki, sem í liffræðinni er nefndur endurvöxtur, regeneration. Mætti um þetta efni rita langt og fróðlega; en hér verður að fara fljótt yfir. Þessi endurskapandi kraftur er sístarfandi, því að hinn lifandi líkami er alltaf að slitna og eyðast, og myndi fljótt ónýtast, ef ekki væri endurvöxturinn, sem þó einkum gerir vart við sig, þegar sár verður eða skemmdir, sem þó ekki fara fram úr því sem gróið getur. En mjög misjafn er þessi hæfileiki hjá hinum ýmsu verum í lífríki jarðar vorrar. Ef maður missir framan af fingri, t.d., þá getur gróið fyrir stúfinn, en sjálfur köggullinn eða köggulhlutinn, vex ekki aftur. Hjá sumum hinum lægri hryggdýrum getur heill framlimur vaxið aftur, herðarblað og allt saman, þó að tekið sé burtu; og hjá dýrum nokkru ofar, ferfætlum (*lacerta*) vex halinn aftur, þó að brotni af, en ekki eins fullkominn að gerð og áður. Ennþá miklu betur kemur þó þessi endurvaxtarhæfileiki í ljós neðar í dýraríkinu, hjá hryggleysingjunum. Eru þar krossfiskarnir frægir. Það má eyðileggja mestan hlutann af krossfiski (*asterias*), líklega allt að níu tíundu hlutum af þyngd dýrsins, skilja aðeins eftir einn arm, og þó er endurvaxtarrafturinn ekki lamaður. Þessi eini armur bætir við sig með endurvexti því sem vantar á heilt dýr; þ.e. langmestur hluti dýrsins vex aftur. Ef vér skerum svo gamla arminn af, þá höfum vér krossfisk, sem er endurlíkamaður, endurholdgaður (*reincarneraður*) og í öðru lífi. Og hann hefur endurholdgast án þess að eignast nýja foreldra. Er þetta allt býsna íhugunarvert, því að þarna höfum vér fyrir oss dýr, sem lifir þótt það hafi dáið, og er

að vísu alveg eins líkamlegt í öðru lífi, og það var fyrir dauðann.

## II

Nú víkur málinu að amerískum lækni, dr. L. R. G. Crandon og frú hans, sem er miðill ágætur. Eins og áður var getið, kemur endurvaxtarhæfileikinn í minnsta lagi fram hjá manninum; en dr. Crandon og þeim, sem með honum starfa, hefir tekist að sýna fram á að endurvaxtarhæfileikinn er til, þó að maðurinn sé dáinn. Á fundum með frú Crandon (Margery) sem miðli, líkamaðist hönd bróður hennar, sem dó 1911, og framleiddi gómför. Gómfarið er, eins og kunnugt er orðið, óbrigðult til að ákveða manninn, og er sú þekking mjög notuð við glæpamálarannsóknir. Virðist ekki auðið að hugsa sér betri aðferð fyrir framliðinn til að sanna sig en þá, að hann líkami hönd sína og framleiði gómfar, eins og Walter Stinson, bróðir frú Crandon hefir nú gert margsinnis, svo að ekki virðist unnt að koma tortryggji við. — Hefir dr. Crandon og samstarfsfólk hans gengið frá rannsóknum þessum með hinni mestu vandvirkni.

## III

Ágætur dýrafræðingur dr. R. J. Tillyard, félagi í vísindafélaginu enska (F. R. S), hefir mjög vandlega kynnt sér þetta mál, og algerlega fallist á niðurstöður Crandons. Skrifsaði dr. Tillyard ritgerð, sem kom 18. ágúst 1928 í hinu heimskunna náttúrvísindatímariti „Nature“ og þar sem hann lýsir því yfir, að framhald persónuleikans eftir dauðann, sé vísindalega sannað. Og ekki getur minnsti vafi á því leikið að dr. Tillyard hefir rétt að mæla. Framhald lífsins eftir dauðann er ekki trúaratriði framar. Og er óhætt að telja framkomu þessarar ritgerðar eftir dr. Tillyard, með allra stærstu tíðindum árið sem leið. Mun flestum hafa komið mjög á óvart, að sjá slíka grein í „Nature“, tímariti sem hefir verið mjög andvigt spíritisma og sálrænum rannsóknum.

#### IV

Að því er mér virðist, þá hafa menn ekki nægilega veitt því eftirtekt að rannsóknir þær, sem hér hefir verið nokkuð af sagt, eru beinlínis framhald af viðurkenndum eldri rannsóknum líffræðinga á endurvextinum eða regenerationinni. Dr. Crandon og samstarfsfólk hans hefir sýnt að þó að líkaminn sé dauður, þá er ennþá til kraftur til að endurskapa (regenerera) hann. Endurvaxtaraflið (regenerations-aflið) líður ekki undir lok með líkamanum. Þetta er ákaflega merkileg uppgötvun í líffræði, og vissulega tími til kominn að náttúrufræðingar fari að átta sig á þessu. Því að sú líffræði sem þekkir ekki lífið eftir dauðann, er í bernsku ennþá, og ekki komin á örugga þroskaleið. Og hinsvegar ættu einnig spíritistar, „andatrúarmenn“, að geta grætt ákaflega mikið á þessari uppgötvun, að hið endurskapandi afl er til, þó að líkaminn sé liðinn undir lok. Því að það virðist nokkurnveginn í augum uppi, að hið endurskapandi afl muni hafa eithvert annað og meira hlutverk en einungis það, að endurskapa líkami og líkamshluta um stutta stund á miðlfundum. Ætti það úr þessu að fara að verða auðveldara að hjálpa mönnum til að skilja hvernig lífinu eftir dauðann er í raun réttri háttað. Því að um verulegan skilning á lífinu eftir dauðann er ekki að ræða, fyrr en menn vita að það er líkamlegt líf, framhald af lífinu hér á jörðu, í endursköpuðum líkómum. Aðalatriði verða þá svo auðskilin þegar menn vita þetta. Tilrauninni til að skapa fullkomið mannfélag er haldið áfram í hinum endursköpuðu líkómum og tilrauninni til að líkamirnir sjálfir verði fullkomnir. En tilgangur alheimsins er hið fullkomna efni (stoff, matter, matière), efni sem er byggt upp í ávallt samsettari heildir, uns alheimurinn er ein samstilt heild, harmoni, í fullkomnu samræmi við andann. Það stoðar ekki að misskilja efnið og líkamann á þann hátt sem gert er. Því að það er að vera á móti hinum skapandi krafti, á móti guði. En þegar menn hafa lært að líta á lifið og efnið eins og hér er kennt, þá fara þeir að taka undir með hinni guðlegu hugsun. Þá fer að verða ljós nauðsynin á hinum ótölulega grúa af hnöttum.

sólhverfum og vetrarbrautum. En engin leið er að skilja tilganginn með hinum óendantlega stjörnugrúa, fyrr en menn vita, að þar er sá jarðvegur sem lífið á að gróa í, efnið í líkama hins óendantlega lífs.

## V

Mér virðist það eftirtektarvert, að dr. Tillyard, dýrafræðingurinn sem svo skörulega hefir lýst því yfir í sjálfri „Nature“, að framhald lífsins eftir dauðann sé vísindalega sannað, er frá New Zealand (Nýja Sjálundi), og hefir þar starfað, eins og minn virðulegi vinur prófessor Macmillan Brown — einn af mestu ritsnillingum og landfræðingum sem nú eru uppi, höfundur verksins Peoples and Problems of the Pacific, I—II, og annarra ágætra bóka, — og hinn ágæti málfræðingur prófessor Arnold Wall, sem ritað hefir langa og góða grein um Nýal (A Thinker in Thule) í líklega merkasta blaðið, sem kemur út á suðurhveli jarðarinnar, áður en farið er að minnast á þá bók í blöðum eða tímaritum sem út koma í Noregi, Svíþjóð eða Danmörku. Sýnir þetta, eins og fleira, að Ný-Sjálendingar eru brautryðjandi menn.

24. mars '29